Akureyrarbær
Umhverfis- og mannvirkjasvið

Samningur um afnot af beitilandi í Skjaldarvík

Undirritaðir aðilar Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar kt. 410169-6229, fyrir hönd Akureyrarbæjar sem leigusali og Hestamannafélagið Léttir kt. 430269-6749 sem leigutaki, gera með sér svofelldan samning:

1. gr. Hið leigða

Leigutaki fær til leigu **hluta lands** úr landi jarðarinnar Skjaldarvíkur samtals að stærð um 75 hektarar. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir stærð og legu landsins. Uppdráttur er hluti af samningi þessum.



2. gr. Afnot

Landið er leigt til beitar. Óheimilt er að nýta það til nokkurra annarra þarfa s.s. til geymslu á hlutum, vélum eða tækjum. Brynningardallar skulu vera snyrtilegir, vel útlítandi og samþykktir af leigusala. Leigusali áskilur sér rétt til að fjarlægja af landinu hluti sem tilgreindir eru að undangenginni aðvörun og á kostnað leigutaka.

3. gr. Skyldur leigutaka

Landið er leigt á grundvelli laga nr. 38/2013 um búfjárhald og gildandi búfjársamþykkt Akureyrarbæ hverju sinni. Leigutaki hefur kynnt sér framangreind lög og samþykkt og ber að fara í hvívetna eftir ákvæðum þeirra.

4. gr. Ástand hins leigða, meðferð lands, girðingar o.fl.

Leigutaki tekur við landinu í því ástandi sem það er í við upphaf leigutímans og leigutaki hefur kynnt sér og sættir sig við í alla staði.

Leigutaka ber að fara þannig með beitilandið að gróðri verði ekki spillt með ofbeit og einnig skal hann viðhalda gróðrinum með reglulegri áburðargjöf og að landið sé slóðadregið þar sem við á. Leigutaka ber að halda við stofngirðingum og girðingum innan hins leigða lands. Leigutaki skal tryggja að girðingar séu ætíð hestheldar og þannig viðhaldið að ekki skapi hættu fyrir búfénað. Leigutaka er heimilt að gera rétt, aðhald og skjól en það skal vera í fullu samráði við leigusala. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar og þar til bærir sérfræðingar geta ákvarðað hvenær land telst óhæft til beitar. **Leigutaka er óheimilt að nýta landið á tímabilinu 15. janúar til 1. júní. Leigutaki hefur ekki tryggan aðgang að vatnsbólum.**

Sleppi hestur úr beitarhólfi er Akureyrarbæ heimilt að innheimta handsömunargjald samkvæmt gjaldskrá bæjarins hverju sinni. Léttir upplýsir leigutaka að hólfinu hverju sinni um handsömunargjald.

5. gr. Leigutími

Beitilandið er leigt til 5 ára í senn frá og með 1. janúar 2024. Samningur þessi framlengist um 1 ár ef annar hvor aðilinn segir honum ekki upp með a.m.k. 12 mánaða fyrirvara. Samningurinn er þó uppsegjanlegur á leigutímanum með sex mánaða fyrirvara að beggja hálfu og skal uppsögnin vera skrifleg. Eldri samningur fellur úr gildi við rafræna undirritun þessa samnings.

6. gr. Leigufjárhæðin

Árleg fjárhæð leigu er annars vegar kr. 13.000 fyrir hvern hektara lands. Leigufjárhæðin tekur sömu prósentubreytingum og önnur beitarlönd sem eru í eigu bæjarins og í útleigu hjá Akureyrarbæ. Leiguverð ársins 2024 er krónur. 975.000.

7. gr. Eftirlit leigusala

Leigusali á ætíð rétt til að fara um landið til skoðunar og eftirlits. Umsjónarmaður jarðeigna getur skorað á leigutaka að bæta úr meðferð landsins, þ.m.t. girðinga o.fl., ef hann telur hættu á að það spillist s.s. vegna ofbeitar. Verði leigutaki eigi við slíkum áminningum eða brjóti hann að öðru leyti gegn ákvæðum samnings eða lögum og reglugerðum varðar það riftun á leigusamningnum.

8. gr. Framsal leiguréttar

Framsal á leigurétti samkvæmt samningi þessum er heimilt til hestamanna. Hestamannafélagið Léttir mun sjá um að innheimta leigugjöld af sínum félagsmönnum.

9. gr. Annað

Leigutaki lætur girða þau lönd sem þarf.

Leigusali áskilur sér rétt til að ákvarða legu girðingar og aðkomu að landinu.

Til staðfestu samningi þessum rita leigusali og leigutaki samning rafrænt.